

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS BJARNHÓLUM, BORGARBYGGÐ

<b>Dagsetning</b>	30.6.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Borgarbyggð	Guðmundsdóttir	
<b>Heimilisfang</b>	Borgarbraut 14, Borgarnes	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	9.7.2012
<b>Kennitala</b>	410694-2289	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Björg Gunnarsdóttir
<b>Starfsemi</b>	Geymsla ákv. úrgangsflokka og urðun óvirks úrgangs	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	64°35'24,4"; 21°52'16,2"

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfshættir og frágangur á urðunarsvæðinu eru ekki ásættanleg. Gerð er ein athugasemd og 4 frávik staðfest. Athugasemdin varðar útskolunarpróf á malbiki en frávikin meðhöndlun úrgangs, úrgangsflokkar sem ekki er heimild fyrir eru á staðnum og starfsháttum er ábótavant (m.a. flokkun). Þá er aðgangsstýring að svæðinu ekki nægileg og staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun vantar. Mælingar á vatni í samræmi við starfsleyfi hafa farið fram. Losun mengunarefna (niðurstöður frá 28.7.2010) er innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs, síðustu mælingar á vatni/sigvatni, skráningar og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafis og stranda. Geymslu- og urðunarstaður var skoðaður með Björgu Gunnarsdóttur umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa Borgarbyggðar og Sigurbjörgu Ósk Áskeldsdóttur landslagsarkitekt.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Úrgangstegundir sem ekki er heimild fyrir eru á svæðinu t.d. plast og olíuúrgangur (lítið magn). Mismunandi úrgangstegundum ægir saman, garðaúrgangur er blandaður plasti, málm, óvirkum úrgangi og malbiki. Þá eru slíkar úrgangshrúgur á víð og dreif á talsvert stóru svæði. Ekki er ætlast til þess að úrgangsflokkum sé blandað saman enda torveldar slíkt endurvinnslu og urðun óvirks úrgangs.

**Fráviki frá:** Ákvæði 1.1. starfsleyfis, þar sem segir fyrir um þá úrgangsflokka sem heimilt er að meðhöndla á svæðinu, en þar má meðhöndla óvirkan úrgang, garðaúrgang (þ.m.t. jarðgerð), úrgangstimbur (kurlun) og geyma brotajárn.

Ákvæði 1.3 en samkvæmt því skal öll meðferð úrgangs stuðla að því að tryggt sé að komið sé í veg fyrir óþrifnað o.fl. þ.h.

Ákvæði 2.1 en samkvæmt því skal rekstraraðili ávallt leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang.

### Frávik 2:

Stór hluti úrgangstimburs á svæðinu er veðrað og því greinilegt að það hefur verið í nokkurn tíma á svæðinu. Halda skal magni þess í lágmarki. Þá er ekki annað að sjá en að garðaúrgangur sé með öllu ómeðhöndlaður (að talsverðu leyti einnig blandaður öðru efni) þ.e. einfaldlega geymdur á svæðinu en ekki stuðlað að nýtingu hans með jarðgerð.

**Fráviki frá:** Ákvæði 3.2 í starfsleyfi, en samkvæmt því skal ávallt leitast við að halda magni geymsluefna í lágmarki á svæðinu.

Ákvæði 2.1 en samkvæmt því skal rekstraraðili ávallt leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang.

Þá er vert að minna á grein 16 í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, m.a. k-lið en samkvæmt honum skal stjórnandi urðunarstaðar hafa nægilega þekkingu og færni til að stjórna starfsemi á staðnum.

### Frávik 3:

Girðing er víða léleg og hlið var ekki lokað eða læst við skoðun á svæðinu. Takmörkun aðgangs að svæðinu er því ekki nægileg. Þá vaknar einnig spurning um hvort heppilegra sé að afmarka minna svæði en nú er með girðingu. (takmörkun á svæðisnotkun).

**Fráviki frá:** Ákvæði 3.3 en samkvæmt því skal takmarka aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila, eða aðila sem heimild hafa frá rekstraraðila til að farga eða endurvinnna úrgang á athafnasvæðinu. Þá getur eftirlitsaðili samkvæmt ákv. 3.4 í starfsleyfi krafist þess að allt athafnasvæðið eða hluti þess verði afgirtur með girðingu sem hindrar umferð manna og skepna. Eftirlitsaðili getur einnig krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir vegna þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

### Frávik 4:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Fráviki frá:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og

viðbragðsáætlun. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga.

#### Athugasemd 1:

Óvíst er hvort malbik er óvirkur úrgangur. Gera þarf útskolunarpróf á því malbiki sem er á staðnum til að skera úr um hvort það sé urðunarhæft. Við töku sýna er mikilvægt að tryggja að það innihaldi "þverskurð" af efninu sem til rannsóknar er. Því skal ekki einungis taka sýnið úr yfirborðslagi heldur einnig innan úr, og jafnvel úr malbiki sem er næst jörðu. Verið getur að huga þurfi að fleiri þáttum við töku sýnis og skal það tekið í samráði við þá rannsóknarstofu sem mælir sýnið. Losunarmörk fyrir útskolun úr úrgangi sem telst tækur á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang eru tilgreind í lið 2.1.2.1 í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Þá skal útskolunarprófið vera í samræmi við staðal EN 12457/1-4.

#### Önnur atriði:

Samráðsfundur hefur verið haldinn vegna endurnýjunar starfsleyfis, en gildistími þess er á enda 9.7.2012. Vakin er athygli á að endurnýjun starfsleyfis tekur nokkurn tíma og er heppilegt að hefja vinnslu þess áður en langt um líður.

Reykjavík, 7.9.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.